

Ár 2011, þriðjudaginn 24. maí, var fundur í kjararáði að Hverfisgötu 6a í Reykjavík haldinn af Svanhildi Kaaber, Huldu Árnadóttur, Jónasi Þór Guðmundssyni, Rannveigu Sigurðardóttur og Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni.

Fyrir var tekið:

**Krafa um endurskoðun ákvörðunar  
kjararáðs nr. 2011.3.001 um launakjör  
dómara**

**I.**

Með ákvörðun nr. 2011.3.001 frá 4. febrúar 2011 ákvað kjararáð að frá og með 1. febrúar 2011 til og með 31. janúar 2013 skyldi greiða hæstaréttardómurum og dómurum við Héraðsdóm Reykjavíkur 20 einingar á mánuði vegna sérstaks tímabundins álags til viðbótar einingum samkvæmt úrskurði kjararáðs nr. 2009.3.002.

Í kjölfarið bárust kjararáði bréf frá héraðsdómurum við Héraðsdóm Reykjaness, Héraðsdóm Vesturlands, Héraðsdóm Norðurlands eystra og Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Austurlands, svo og frá Dómarafélagi Íslands. Í bréfunum er ákvörðun ráðsins mótmælt og þess krafist að hún verði endurskoðuð þannig að hún nái til allra héraðsdómara landsins.

**II.**

Í bréfum héraðsdómaranna, sem dagsett eru 15., 17. og 18. febrúar og 1. mars 2011, eru gerðar athugasemdir við ofangreinda ákvörðun kjararáðs frá 4. febrúar 2011. Að mati dómara felur ákvörðunin í sér mismunun milli dómara án þess að fyrir henni séu færð málefnaleg rök. Kjararáð byggir á því að álag, sem eigi sér rætur í flóknum og umfangsmiklum málum vegna efnahagshrunsins, sé meira við Héraðsdóm Reykjavíkur en við aðra héraðsdómstóla. Opinber gögn um málafjölda, sem dómstólaráð taki saman ár hvert, sýni hins vegar að vegin mál (ígildi munnlega fluttra einkamála) á hvern dómara árið 2010, hafi verið flest við Héraðsdóm Austurlands, eða 100,5. Þá komi Héraðsdómur Vesturlands með 96,7 mál, næst Héraðsdómur Reykjaness með 81,2 mál og síðan Héraðsdómur Reykjavíkur með 79,8 mál. Flókin og umfangsmikil mál berist einnig til annarra héraðsdómstóla, mál sem rekja megi til efnahagshrunsins og einnig mál sem varði önnur réttarsvið. Þá geri ákvörðun kjararáðs dómstólaráði erfiðara fyrir að rækja það hlutverk sitt að jafna álagi milli dómstóla, sbr. 14. gr. laga um dómstóla nr. 15/1998. Dómstólaráð geti því illa sinnt því lögbundna hlutverki að hagræða og auka skilvirkni í störfum héraðsdómstóla. Telja dómararnir að kjararáð hljóti að hafa haft ófullnægjandi upplýsingar undir höndum þegar ákvörðunin var tekin og því hafi forsendur hennar verið rangar. Gera þeir þá kröfu að kjararáð endurskoði ákvörðun sína frá 4. febrúar 2011 og breytingar á launum sem þar voru ákveðnar nái til allra héraðsdómara landsins.

Í bréfi Dómarafélags Íslands segir meðal annars að sú ákvörðun kjararáðs að ákvarða aðeins tilteknum hópi dómara, þ.e. dómurum við Héraðsdóm Reykjavíkur, 20 einingar til viðbótar vegna aukins álags þar, en ekki öðrum héraðsdómurum, feli í sér mismunun og hugsanlega brot gegn jafnræðisreglu. Hluta héraðsdómarahópsins sé gert lægra undir höfði en öðrum. Í bréfinu er áréttað að sömu kröfur séu gerðar til allra héraðsdómara landsins og að þeir beri sömu starfsskyldur. Enginn dómstóll landsins muni komast hjá því að taka á málum vegna efnahagshrunsins, en þar reyni iðulega á álitafni sem aldrei hafi reynt á áður. Dómarafélag Íslands gerir þá kröfu að kjararáð ákveði launakjör dómara utan Reykjavíkur þannig að sú breyting á launum dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur sem mælt er fyrir um í ákvörðun ráðsins frá 4. febrúar 2011, taki til allra dómara við héraðsdómstóla landsins.

### III.

Með bréfum dagsettu 18. mars 2011 gaf kjararáð innanríkisráðuneytinu og fjármálaráðuneytinu kost á að leggja fram greinargerðir vegna málsins.

Í bréfi fjármálaráðuneytisins, dagsettu 4. apríl 2011, kemur fram að ráðuneytið hafi ekki verið sammála ákvörðun kjararáðs um launakjör dómara frá 4. febrúar 2011. Ástæðan væri meðal annars sú að verið væri að vinna að því að fjölga dómurum við dómstóla landsins. Dómurum við héraðsdómstólana hefði verið fjölgað tímabundið um fimm með lögum nr. 147/2009. Með lögum um breytingu á lögum um dómstóla nr. 15/1998 væri dómurum við héraðsdómstólana fjölgað enn frekar, fyrst frá 1. mars 2011, og dómurum við Hæstarétt Íslands fjölgað tímabundið um þrjá frá sama tíma. Fleiri breytingar væru fyrirhugaðar við dómstólana. Fjármálaráðuneytið teldi því að ekki hefði verið tímabært að taka ákvörðun um greiðslu sérstaks tímabundins álags, til viðbótar einingum, á laun dómara. Með vísan til þessa geti fjármálaráðuneyti ekki tekið undir erindi héraðsdómaranna.

Svar innanríkisráðuneytisins barst með bréfi dagsettu 27. apríl 2011. Í því segir að samantekt dómstólaráðs um málafjölda héraðsdómstóla sýni ágætlega þróunina undanfarin ár. Geti sú samantekt gagnast kjararáði við ákvörðun í málinu.

Fulltrúar Dómarafélagsins, fulltrúar héraðsdómara utan Reykjavíkur, formaður og framkvæmdastjóri dómstólaráðs og skrifstofustjóri á skrifstofu réttarfars og stjórnslu í innanríkisráðuneytinu komu á fund kjararáðs.

Í máli fulltrúa Dómarafélagsins kom fram að ákvörðun kjararáðs hefði komið á óvart og valdið sundrunu í hópnum. Ítrekuðu þeir kröfu um að ákvörðunin frá 4. febrúar 2011 næði til allra héraðsdómara landsins.

Fulltrúar héraðsdómara utan Reykjavíkur áréttuðu kröfu sína um að kjararáð ákvarðaði öllum héraðsdómurum landsins sömu laun.

Formaður og framkvæmdastjóri dómstólaráðs lögðu fram minnispunkta og tölfraðilegar upplýsingar um málafjölda hjá héraðsdómstólum landsins. Útskýrðu þau í stuttu máli hvernig dómstólaráð vinni tölfraðilegar upplýsingar úr málaskrárkerfi héraðsdómstólanna. Stuðst hefði verið við ákveðna aðferð þar sem öll innkomin mál væru metin á grundvelli ákveðinna staðla og fundið út meðaltal miðað við gefnar forsendur. Forsendurnar væru annmörkum háðar, t.d. væru öll munnlega flutt mál metin eins, óháð þyngd hvers máls.

Í kjölfar fundarins sendi kjararáð dómstólaráði bréf dagsett 6. apríl 2011 og óskaði eftir upplýsingum og svörum um eftirfarandi atriði: Hvaða aðferð dómstólaráð noti til að meta álag á einstaka héraðsdómara eða héraðsdómstóla; hvert sé gildi útreiknings dómstólaráðs sem fram komi í töflu, sem beri meðal annars yfirskriftina „Fjöldi dómsmála (ígildi munnlega fluttra einkamála) á hvern dómara 2010“ og hvort hægt sé að nota þennan útreikning til að meta vinnuálag hjá einstökum héraðsdómstólum; hvort dómstólaráð hafi beitt heimild 2. mgr. 14. gr. laga nr. 15/1998 um dómstóla til að jafna álag milli dómstóla eða hvort ráðið hyggist beita þeirri heimild. Að endingu var spurt hvort ákvörðun kjararáðs frá 4. febrúar 2011 breytti einhverju í því sambandi.

Svar dómstólaráðs barst kjararáði með bréfi dagsettu 26. apríl 2011. Í því segir að þegar metið sé álag á einstaka dómara eða héraðsdómstóla hafi dómstólaráð helst við að styðjast málátölur héraðsdómstóla. Þær birtist annars vegar í tölum um innkomin mál og hins vegar í yfirliti sem tekið sé saman í upphafi hvers árs og nefnt sé *yfirlit um vegin mál*. Að auki sé dómstólaráð reglulega í sambandi við einstaka dómstjóra varðandi álag. Um útreikning í töflu, sem nefnd hafi verið *yfirlit um vegin mál*, sagði, að leitast hefði verið við að fá yfirlit um álag á einstaka dómstóla og hafi þetta verið gert allt frá gildistöku laga nr. 15/1998 um dómstóla. Aðrir norrænir dómstólar hafi einnig notast við „statískar“ tölur við útreikning á álagi. Í seinni tíð hafi

Þeir reynt að greina betur álag að baki málum með því að meta vinnuframlag við hvert einstakt mál. Dómstólaráð væri að leggja grunn að því að innleiða slíkt mat. Um gildi útreiknings í töflunni segir að hann hafi haft þýðingu fyrir innra starf dómstóla undanfarin ár og ráðið ákvörðunum um tilfærslur á starfsmönnum. Dómstólaráð telur að lagt hafi verið raunhæft mat á vinnuálag dómstóla á grundvelli upplýsinga um innkomin mál og yfirlits um vegin mál. Í bréfinu segir að það sé á meðal lögbundinna hlutverka dómstólaráðs að jafna álagi milli dómstóla. Þetta hafi ráðið gert á liðnum árum með því að færa dómara og annað starfsfólk milli dómstóla. Einnig væru uppi áform um að fela dómurum úti á landi að leysa úr málum við Héraðsdóm Reykjavíkur eftir þörfum og að því marki sem því yrði við komið. Hefði það verið gert áður með góðum árangri. Að endingu segir að ákvörðun kjararáðs frá 4. febrúar 2011 hamli því að dómstólaráð grípi til viðeigandi aðgerða til að jafna álagi, þar sem ákvörðunin feli í sér að dómurum sé mismunað með tilliti til launa. Að mati dómstólaráðs væri álag á dómara utan Reykjavíkur ekki síður mikið en við Héraðsdóm Reykjavíkur.

#### IV.

Við undirbúning ákvörðunar kjararáðs frá 4. febrúar 2011 aflaði kjararáð upplýsinga frá dómstólaráði og skrifstofu Hæstaréttar um fjölda mála við dómstólana á undanförunum árum, frá 1999 við héraðsdómstóla og frá 2003 við Hæstarétt. Eins og fram kemur í þeirri ákvörðun kjararáðs byggði hún einkum á upplýsingum sem fram komu frá Dómstólaráði, Dómarafélagi Íslands og í skýrslu dómsmála- og mannréttindaráðuneytis frá nóvember 2010. Í bréfum dómstólaráðs til dómsmála- og mannréttindaráðherra dagsettum 17. maí og 30. júní 2010, kom ítrekað fram það álit ráðsins, að meginþungi svonefndra hrunmála myndi lenda á Héraðsdómi Reykjavíkur og Hæstarétti. Þá segir í fyrirsögn minnisblaðs dómstólaráðs frá 26. október 2010: „Aukið álag á Héraðsdóm Reykjavíkur vegna mála tengdum efnahagshruni.“ Á fundi kjararáðs með formanni dómstólaráðs var þetta álit ráðsins ítrekað. Á grundvelli þessara upplýsinga byggði kjararáð ákvörðun sína frá 4. febrúar síðastliðinn um að hækka tímabundið laun dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Hæstarétt eins og rökstutt er í ákvörðuninni. Vegna fyrrnefndra athugasemda Dómarafélags Íslands og héraðsdómara utan Reykjavíkur var málið endurupptekið. Var dómstólaráði sent bréf dagsett 6. apríl 2011 með tilteknum spurningum kjararáðs og var svarað með bréfi 26. apríl 2011, svo sem nánar er rakið í III. kafla. Í svari dómstólaráðs koma fram nýjar upplýsingar um mismunandi álag við héraðsdómstóla landsins, sem ekki lágu fyrir þegar kjararáð tók fyrri ákvörðun í málinu, auk þess sem kjararáð hefur nú undir höndum fyrrnefnda yfirlitstöflu sem sýnir vegin mál (ígildi munnlega fluttra einkamála) á hvern dómara 2010. Er málafjöldinn þannig metinn meiri við þrjá aðra dómstóla árið 2010 en við Héraðsdóm Reykjavíkur. Vegna þessara nýju gagna telur kjararáð rétt að endurskoða fyrri ákvörðun frá 4. febrúar 2011.

Með vísan til framangreinds hefur kjararáð ákveðið að greiða skuli héraðsdómurum utan Reykjavíkur sérstakt tímabundið álag á laun svo sem segir í ákvörðunarorði.

#### V.

##### Ákvörðunarorð

Ákvörðun kjararáðs nr. 2011.3.001 frá 4. febrúar 2011 er endurupptekin að því er varðar launakjör annarra dómara en dómara við Héraðsdóm Reykjavíkur og Hæstarétt Íslands.

Frá og með 1. febrúar 2011 til og með 31. janúar 2013 skal greiða héraðsdómurum við Héraðsdóm Reykjaness, Héraðsdóm Vesturlands, Héraðsdóm Vestfjarða, Héraðsdóm Norðurlands vestra, Héraðsdóm Norðurlands eystra, Héraðsdóm Austurlands og Héraðsdóm Suðurlands 20 einingar á mánuði vegna sérstaks tímabundins álags til viðbótar einingum samkvæmt úrskurði kjararáðs nr. 2009.3.002.

Eining er 1% af 126. launaflokki kjararáðs, nú 5.058 krónur.

Að öðru leyti gildir úrskurður kjararáðs nr. 2009.3.002.

---

Hulda Árnadóttir

---

Jónas Þór Guðmundsson

---

Vilhjálmur H. Vilhjálmsson

**Sératkvæði**  
**Rannveigar Sigurðardóttur og Svanhildar Kaaber**

Við erum sammála meirihluta kjararáðs um það sem segir í köflum I. – III.

Kjararáð ákvað 4. febrúar 2011 að greiða hæstaréttardómurum og dómurum við Héraðsdóm Reykjavíkur 20 einingar á mánuði vegna sérstaks tímabundins álags til viðbótar við þær einingar sem þeir fá samkvæmt úrskurði kjararáðs nr. 2009.3.002.

Í sératkvæði sem ákvörðuninni fylgdi gerðum við grein fyrir þeirri afstöðu okkar að ekki væri rétt að greiða fyrirfram tímabundið álag, enda hefur kjararáð jafnan tekið ákvarðanir um slíkt eftirá þegar ljóst er hvert álagið hefur verið. Þau rök eru enn í fullu gildi og við getum því ekki fallist á að greiða dómurum utan Reykjavíkur fyrirfram sérstakt tímabundið álag á laun, frekar en öðrum dómurum.

---

Rannveig Sigurðardóttir

---

Svanhildur Kaaber